Ár 1973, mánudaginn 12. nóvember, var í málinu nr. 34/1973 kveðinn upp af Yfirfasteignamatsnefnd svohljóðandi

**ú r s k u r ð u r :**

Málavextir eru þeir, að með mati millimatsmanna í Reykhólahreppi, Barðastrandarsýslu, dags. 31. marz 1973, var tekin til mats fasteign í eigu Ríkisútvarpsins í landi Reykhóla í nefndum hreppi. Var þar um að ræða hús, sem metið var á kr. 204 þús. og sjónvarpsmastur, sem metið var á kr. 530 þús., og var heildarmat fasteignarinnar þannig kr. 734 þús.

Með bréfi til Yfirfasteignamatsnefndar, dags. 20. apríl 1973, kærði Póst- og símamálastjórnin f.h. Ríkisútvarpsins ofangreint mat til lækkunar. Er kæran einkum rökstudd með því, að stálmastrið sjálft eigi hvorki að meta né skrá í fasteignamati, þar sem um sé að ræða færanlegan hlut, er nánast eigi að fara með sem tækjabúnað. Þá sé mastursundirstaða og stagfestur gagnslaus til nokkurrar annarrar notkunar, og því sé gangverð hvors tveggja nánast ekkert. Þá bendir kærandi á, að fyrrgreint hús sé ekki íbúðarhús, heldur stöðvarhús fyrir endurvarpsstöðina. Húsið sé byggt utan um þá starfsemi, sem þar fari fram, og staðsetning þess sé þannig, að vafasamt sé, hvort annar aðili geti hagnýtt sér það. Endursöluverð hússins sé því að líkindum lægra en metið.

Í bréfi kæranda, dags. 24. ágúst 1973, er nánar lýst, hvernig gerð og frágangi masturs og mastursundirstöðu sé háttað.

Er lýsingin svohljóðandi:

„Mastur það, sem hér um ræðir, er 46,5 m hátt stagað stálmastur. Það samanstendur úr 7 hlutum, sem eru hver 6 m á lengd og einum 4,5 m. Hlutir mastursins eru boltaðir saman.

Mastur þetta og fleiri eru komin frá Grindavík og voru í eigu sölunefndar varnarliðseigna, sem afhenti Pósti og síma þau gegn því, að þau yrðu fjarlægð. Mastrið á Reykhólum var síðan eftir viðgerð og galvaniseringu selt Ríkisútvarpinu á kostnaðarverði, sem nemur kr. 195.300,-.

Í mastursundirstöðu eru fastir boltar, sem ná upp úr undirstöðunni og er mastrið fest við þá. Það er því hægur vandi að taka það niður aftur og getur því vart talist fasteign.

Mastursundirstaða og stagfestur eru úr steinsteypu og er hvort tveggja niðurgrafið. Verkið var framkvæmt 1971 og var kostnaður áætlaður um 200 þús. kr., en raunverulegt kostnaðarverð liggur ekki fyrir þar eð reikningar fyrir byggingu hússins blönduðust inn í málið".

Í framkvæmd hafa möstur endurvarpsstöðva ekki verið metin fasteignamati, og sama máli gegnir um undirstöður slíkra mastra. Þykir að svo stöddu ekki rétt að víkja frá þessari venju. Matsverð ofangreinds húss ákveðst kr. 204 þús.

## ÚRSKURÐARORÐ:

Mastur ofangreindrar endurvarpsstöðvar skal eigi metið fasteignamati. Sama máli gegnir um undirstöðu nefnds masturs.

Fasteignamatsverð fyrrgreinds stöðvarhúss ákveðst kr. 204 þús.

Gaukur Jörundsson

Torfi Ásgeirsson

Pálmi Jónsson

Rétt afrit staðfest.
Reykjavík, 12. nóvember 1973.